

Á MÖRKUM TVEGGJA TÍMA

*Kapólskt kvæðahandrit með hendi siðbótarmanns,
Gísla biskups Jónssonar*

1

SEXTÁNDA öldin er sér á parti í íslenskri sögu. Öldin klofnar í tvennt við siðaskiptin sem höfðu í för með sér uppstokkun í félagslegu, menningarlegu og trúarlegu tilliti. Aftaka Jóns Arasonar og sona hans í Skálholti sjöunda nóvember árið 1550 markar allt í senn endalok kapólsks siðar í landinu og upptakt nýs tíma. En hve afgerandi þáttaskil urðu strax um miðja öldina, – hvaða vísbendingar um breytt menningarástand eða hugarfar þjóðarinnar má lesa úr kvæðum, sögum og handritum sem sextánda aldar fólk skildi eftir sig? Margir lifðu svo sannarlega tímana tvenna, fæddust að kvöldi pápískunnar og hrifust síðan af kraftmikilli uppreisn lúterskra hugsjónarmanna; vöndust kapólskum helgisiðum og trúarkveðskap í bernsku en gengu síðan upplitsdjarfir á hönd nýjum kennisetningum. Hve skýr voru skilin á milli hins gamla og nýja í vitund þeirra? Einn þessara tímamótamanna var Gísli Jónsson, fæddur í kapólskum sið árið 1513 en dáinn á lúterskum biskupsstóli í Skálholti árið 1587; sjötíu og fjögur árin skiptast hnífjafnt á milli tímans fyrir og eftir hið táknræna ártal 1550.

Ævi Gísla er vitaskuld ekki dæmigerð fyrir lífshlaup Íslendinga á sextánda öld. Hann var í hópi forréttindamanna á sínum tíma, naut menntunar bæði heima og erlendis, og gegndi hæstu tignarstöðu landsins um þrjátíu ára skeið. Eftir Gísla liggja ritverk sem gefa innsýn í hugarheim hans og áhugasvið, og meðal þeirra er kvæðahandritið AM 622 4to, stundum kallað Hólmsbók. Handritið geymir m.a. kapólskar drápur. Kapólskur trúarkveðskapur hefur víða geymst í uppskriftum frá sextánda öld, í handritum sem sett voru saman á fyrri og seinni hluta aldarinnar, og sumt af því er prentað í Vísnaþók Guðbrands Þorlákssonar á Hólum árið 1612. Það er umhugsunarefni hvort einhverju skipti að sá skrifari sem skrifaði upp slík kvæði, og viðtakendur þeirra, hafi sagt skilið við hinn kapólska sið, og þar með þann trúarlega heim sem

kvæðin hrærðust upphaflega í, eða hvort samfélag sextándu aldar hafi einfaldlega umborið gamlan arf kaþólskunnar umyrðalaust og notið áfram orðsnilldar og listfengis gömlu skáldanna. Kvæðabók Gísla Jónssonar biskups er vel til þess fallin að leita svara við þessum áleitnu spurningum.

2

Handritið AM 622 4to er í litlu fjórðungsbroti. Umfang þess er 17 cm x 13,6 cm, en sum blöð eru skorin smærri. Handritið er nú níutíu blöð, en síðustu blöðin og nokkur blöð innan úr vantar. Níu kver geyma átta blöð, en tvö sex (og vantar þrjú blöð úr tveimur) og að auki er eitt tvinn. Sex blöð eru nú varðveitt stök. Sama hönd er á allri bókinni að undanskildum nokkrum viðbótum frá sautjándu öld. Höndin er snyrtileg og jöfn sem bendir til að skrifarinn hafi kunnað vel til verka. Regluleg uppsetning erinda, upphafsstafir, sumir fagurlega skreyttir og litríkir, og nótnaskrift gefa til kynna að handritið hafi verið skrifað þar sem bókagerð var þroskuð og rótgróin. Uppsetning erinda á síðum er hins vegar rýmri og ólík því sem er í öðrum þekktum kvæðabókum frá sextándu öld, svo sem í AM 713 4to og AM 604 4to, þar sem skrifað er út hverja línu eins og alþekkt var í miðaldahandritum. Handritið dregur því fremur dóm af prentuðum bókum en eldri handritum og er sú samlíking ekki úr lausu lofti gripin eins og komið verður að hér á eftir.

Ferill handritsins er kunnur, bæði af athugasemdum Árna Magnússonar á miðum sem bundnir eru fremst í skinnbókinni og af upplýsingum úr bókinni sjálfri. Árni Magnússon nóterar á blaði sem bundið er fremst í bókina að hann hafi fengið handritið frá Þórði Péturssyni á Hólmi og bætir við: 'eg trui til eignar'. Af þeim sökum er handritið stundum nefnt Hólmsbók. Síðan segir Árni að bókina hafi 'til forna', eins og hann orðar það, 'att heima á Sudur Reyki-um i Mosfellssveit', en vafalaust byggði hann þá þekkingu á athugasemd neðst á bl. 22 v í handritinu.

Það er sjaldgæft, ef ekki einsdæmi, að nafn skrifara sé ritað fremst í íslenskt handrit frá síðari hluta miðalda eins og er í þessu tilviki. Skriftin á fremsta blaði bókarinnar er nú mjög óskýr og ekki mögulegt að greina letrið með neinni vissu. Uppskrift Árna Magnússonar á þeirri síðu bókarinnar hefur verið tekin gild enda má vera að þá hafi verið auðveldara að greina stafina en nú. Á fremsta blaði handritsins (1r) virðist hafa staðið:

Helga Gislad saugd er
a þessa bok
. . . . faudr minum Gisla
Jonsyne p. anno
Domini 1549.

Hér kemur fram hver skrifaði og hver átti bókina. Ártalið bendir annaðhvort til ársins þegar handritið er skrifað eða gefið, og er það því örugglega ekki ritað síðar en árið 1549. Ekki er mögulegt að sannreyna hvort áletrunin á aðeins við fyrsta hluta handritsins eða bókina alla, eins og ég mun koma að síðar. Hönd Gísla er þekkt úr öðrum handritum (sjá hér að neðan) svo að enginn vafi leikur á því að hann hafi skrifað allt handritið. Helga var eldri dóttir skrifarans, Gísla Jónssonar prests og Kristínar Eyjólfsdóttur, konu hans, og Helga hefur verið barn að aldri þegar Gísli ánafaði henni bókina. Árið 1565 var Helga gefin Erasmusi Villadsen presti í Odda og á Breiðabólstað, en hann var um tíma *officialis* í Skálholti. Sonardóttir þeirra, Þórdís Bjarnadóttir, var gift Jóni Egilsyni biskupaannálaritara, skrásetjara aðalheimildarinnar um ævi Gísla og biskupsdóm.¹ Handritið hefur þó farið úr eigu þessa leggs, því að svo virðist sem yngri systir hennar Vilborg, kona Þorvarðs Þórólfssonar lögréttumanns, eða afkomendur hennar, hafi eignast handritið, en þau bjuggu á Syðri-Reykjum. Þórður Pétursson á Innra-Hólmi í Borgarfirði, sem fékk Árna handritið, var kvæntur Kristínu Ísleifsdóttur beinum afkomanda Vilborgar.

Börn Gísla hafa látið sér annt um handrit föður síns. Handritið varðveittist í kvenlegg ættarinnar og er það enn ein vísbendingin um að konur hafi lagt rækt við innlenda kvæðahefð og átt handrit.² Jarðeignir gengu fremur til sona en lausamunir til dætra, þ.á.m. handrit. Sá áhugi á sönglist sem fram kemur í fyrsta hluta handritsins virðist einnig hafa erfst til dætranna. Jón Grunnvíkingur hefur þá vitneskju eftir Árna Magnússoni að Vilborg dóttir Gísla 'kenndi piltum söng og hélt svo sem skóla' (Páll Eggert Ólason 1926:10). Ekki er vitað um heimild Árna, en hún kann að vera fengin úr munnlegri geymd. Nótturnar í AM 622 4to voru því hugsanlega notaðar við kennslu Vilborgar.

¹ Sjá *Biskupaannála* Jóns Egilssonar. Sjá einnig umfjöllun Jóns Halldórssonar um Gísla Jónsson í *Biskupasögum* sínum:114–156.

² Margrét Eggertsdóttir hefur ritað um bókaeign kvenna á sautjándu og átjándu öld, sjá Margrét Eggertsdóttir 1996.

3

Gísli Jónsson var fæddur í Hraungerði í Flóa líklega árið 1513, sonur síra Jóns Gíslasonar og Vilborgar Þórðardóttur. Ekkert er vitað um framættir hans. Móðir hans dó þegar hann var ungur drengur og var hann þá sendur í fóstur að Úlfjótstvatni og síðan til Alexíusar Pálssonar prests á Þingvöllum, er var síðasti ábóti í Viktorínaklaustrinu í Viðey. Gísli ólst upp í kaþólskum sið og menntun hans virðist hafa verið sniðin að starfi innan kirkjunnar. Gísli gekk í skóla í Skálholti í tíð Ögmundar Pálssonar biskups og varð seinna kirkjuprestur í Skálholti, líklega eftir að hafa stundað nám erlendis. Hann kunni t.a.m. þýsku vel svo hugsanlegt er að hann hafi gengið í skóla í Þýskalandi og jafnvel kynnst þar kenningum Lúters.³ Í Skálholti var hann samtíða Oddi Gottskálkssyni og Gissuri Einarssyni, og deildi með þeim áhuga á róttækum trúarhugmyndum sem þá gengu ljósum logum í Evrópu. Ekki er þess getið nákvæmlega hvenær Gísli snerist til lútersku en árið 1546 var hann skipaður prestur í einu arðsamasta brauði landsins í Selárdal í Arnarfirði og þar var hann í tólf ár, eða þar til hann var vígður biskup í Skálholti árið 1558. Gísli sat á biskupsstóli í þrjátíu ár og reyndist áhrifamikill kirkjuleiðtogi á fyrstu áratugum siðbreytingarinnar.⁴

Gísli kvæntist Kristínu Eyjólfsdóttur, dóttur Helgu, systur Björns Þorleifssonar á Reykhólum, og Eyjólfss mókolls Eyjólfssonar í Haga á Barðaströnd. Kristín var stóráttuð kona og eðalborin. Ættmenn hennar á Reykhólum, eins og Björn móðurbróðir hennar, voru þekktir af bókagerð (Marianne Kalinke 1996:78–124; Stefán Karlsson 1970:138–139). Gísli kynntist tilvonandi konu sinni í Skálholti þegar hann var kirkjuprestur. Kristín kom í Skálholt er bróðir hennar Oddur var yfirbryti á staðnum. Hún hafði þá þegar gerst sek um sífjaspell, ef svo má að orði komast, því að Gísli bróðir hennar hafði meðgengið blóðskömm með henni og systur hennar Þórdísi; hafði Kristín eignast dóttur með bróður sínum. Þau þrjú leituðu hælís hjá Ögmundi biskupi sem var ekki aðeins hæstráðandi í siðferðilegum málum á landinu heldur einnig í vinfengi við fjölskylduna. Sums staðar er látið að því liggja að um skyldleika með þeim

³ Skáldskaparlist Gísla sést ekki af þýðingum hans úr þýsku í *Sálmakverinu* 1558 en honum var líklega fremur umhugað um að þýða rétt en með skáldlegri innlifun, sjá Kristján Valur Ingólfsson 2003:154: 'Það sem ræður ferðinni er tilraun til að koma hugsun þeirra og innihaldi yfir hafið og láta kenninguna vera ráðandi en ekki bragfræðilegar reglur eða söngfræðilegar'.

⁴ Sjá umfjöllun um Gísli Jónsson, Helgi Þorláksson 2003.

hafi verið að ræða er legið hafi um föðurætt Kristínar, Hagaættina, sem einnig var valdamikil á fyrri hluta sextándu aldar (Einar Bjarnason 1969:59–60, 301). Langafi Kristínar, Magnús Eyjólfsson, var biskup í Skálholti á síðari hluta fimmtándu aldar.

Í *Biskupaannálum* Jóns Egilssonar segir að Gísli hafi þegar felld ástarhug til Kristínar en meinbugir voru greinilegir á ráðahagnum sökum sífjaspells-málanna (*Biskupa-annálar* Jóns Egilssonar: 134). Þau Kristín gengu þó í hjónaband og fluttust vestur á heimaslóðir hennar árið 1546, en bróðir hennar Magnús Eyjólfsson sem verið hafði prestur í Selárdal vék fyrir Gísli og flutti heim í Haga á Barðaströnd svo að mágur hans fengi embættið. Gísli gerðist strax atkvæðamikill baráttumaður mót kaþólskum sið enda voru Skálholtsbiskupar þá lúterskir: Gissur Einarsson (1542–1549) og síðar Marteinn Einarsson (1549–1557). Snemma árs 1550 bannfærði Jón Hólabiskup Gísli sökum villutrúar og vanhelgi við heilaga Maríu. Bannsbréf Jóns hefur varðveist í uppskrift Grunnavíkur-Jóns eftir afskrift með hendi Árna Magnússonar.⁵ Svo segir í íslenskri þýðingu á bréfinu (líklega eftir Odd Stefánsson sonarson Gísli, d. 1641):


J fyrstu. ad þu hefur þorad og dirfst ad koma upp med soddan gud-laustun og okvæde. ad sæl guds moder og heilaug jomfru Maria krapt-adi ecke meir enn aunnur obreit ambatt. og þeir yrde djöfulsens þræl-ar. sem tryde ad hun munde bidia fyrer kristnum monnum. Nalægiast þeim. og arna þeim nockurar hialpar.

J annare grein hefur þu talad þessa laganna minkun og nidurþrycking a almennelegre prestastefnu i sialfre Skalhollts Domkirkiu. ad þu villder alldrei hallda romversk laug. nie hlydne veita þeim Biskupe. sem bære mitur. edur være munkur.

J þridia máta hefur þu kiennt og framflutt kristnum monnum ranga tru (*DI XI*: 744–745).

Uppreisn Gísli gegn rómverskum lögum kirkjunnar var öðru yfirvaldi þó greinilega þóknanleg. Í konungsbréfi dagsettu 27. janúar sama ár hvetur Dana-kóngur klerka í Hólabiskupsdómi til að velja sér annan biskup í stað Jóns Arasonar og nefnir að Gísli sé góður kostur (*DI XI*: 748–9). Ári síðar meðtók Kristín Eyjólfsdóttir frá Haga uppreisnarbréf frá Kristjáni þriðja sem gaf henni

⁵ Sjá athugasemdir við bréfið, *DI XI*: 743.



Mynd 1. AM 622 4to: Upphaf annars hluta handritsins (bl. 12r), upphafserindi Lilju.

leyfi til að ganga í ærlegt hjónaband ‘maa blivvue erlig giifft’ (DI XII:241). Premur árum síðar gerðu þau Gísli með sér kaupmála (DI XIV:699). Gísli giftist öðru sinni Þórdísi Jónsdóttur, líklega að Kristínu látinni.

Gísli kom mjög við bókagerð á sinni tíð, ekki síst í krafti biskupsembættis síns.⁶ Hann var jafnt viðriðinn ritun handrita á pappír og skinn, og prentun bóka. Hann fylgdist greinilega með nýjustu hræringum í miðlun upplýsinga á sinni tíð. Hann prentar guðsorðarit í opinberum tilgangi til að breiða út boðskap hinnar ungu lútersku kirkju, en skrifar bækur á bókfell eða pappír fyrir sjálfan sig. Handrit með hendi hans tengjast þó ætíð lúterskri uppfræðslu nema ef vera skyldi handritið AM 622 4to sem varðveitir líklega elstu texta frá hendi hans. Skinnhandritin eru AM 617 4to, sem geymir þýðingar úr Ritningunni, og AM 622 4to. Hönd hans er einnig að finna á brotinu Sth perg fol nr 12 III. Tvö pappírshandrit hafa verið tengd nafni Gísla: NKS 138 4to sem geymir handbók presta og virðist að langmestu leyti rituð af Gísla á síðustu æviárum hans,⁷ og pappírshandrit í arkarbroti nefnt í bókalista Hendersons 1818 og geymir brot á þýðingu úr Biblíunni. Ekki er fullvíst að Gísli hafi skrifað síðarnefnda handritið.⁸ Auk þess má nefna margslungna bókagerð á biskupstíð hans, s.s. fjölda vísitásiubóka og málaga sem varðveist hafa til þessa dags.

Gísli réð ekki yfir prentsmiðju í Skálholti en hann var útgefandi þriggja bóka sem prentaðar voru 1557–1558 hjá Hans Vingaard í Kaupmannahöfn, veturinn er hann dvaldist í Danmörku vegna biskupsvígslu sinnar. Þær bækur voru nauðsynlegar fyrir biskupinn við opinbera lúterska uppfræðslu: *Sálmakver* 1558, *Historia Pinunnar og vpprisu Drottins vors Jesu Christi* 1558 og *Margaritha Theologica* á norrænu 1558. Deilt er um hvort hið síðastnefnda sé verk Odds Gottskálkssonar en Gísli ritar nafn sitt undir innganginn: *Gilbert Jonsson* (Westergård-Nielsen 1957:66). *Sálmakverið* er aðeins varðveitt í einu eintaki í Konungsbókhöðunni í Kaupmannahöfn. Hinar bækurnar tvær eru aðeins til í örfáum eintökum. Þekkt er að prentaðar bækur og handrit gegndu ólíkum félagslegum hlutverkum á siðskiptaöld (sjá t.d. Marotti 1995). Prentbækurnar sýna aðeins eina hlið á embættismanninum, sem hafði opinberum trúarskyld-

⁶ Um biskupsdóm Gísla Jónssonar, sjá Helgi Þorláksson 2003:112–18, og Vilborg Auður Ísleifsdóttir 1997:162–165, og víðar.

⁷ Arngrímur Jónsson 1992:56–192 og er vísað til umfjöllunar hans þar.

⁸ Christian Westergård-Nielsen rekur starf Gísla að þýðingum á ritum Biblíunnar og er vísað til umfjöllunar hans, 1957:62–74. Hann telur ekki fullvíst að Henderson handritið sé með hendi Gísla. Robert Cook hefur fjallað um brotið AM 696 XI 4to og telur hugsanlegt að Gísli sé þýðandi þess texta, en ekki skrifarinn, Cook 1979:249–50.

um að gegna, en handritin þá hlið sem sneri inn á við, einkalífið en einnig fræði hans og verklag. Kristján Valur Ingólfsson hefur rakið hvernig *Sálmakverið* endurspeglar lúterska messu og Gísli hafi með prentun bókarinnar uppfyllt skyldu sína sem biskup. Handritið NKS 138 4to sem Gísli ritar með eigin hendi sýnir hins vegar að honum var mjög hugleikin hin kaþólska tíðagjörð á síðari hluta ævi sinnar – sem er óvenjulegt þegar lúterskur siðbótarbiskup á í hlut.⁹

4

Athugun á AM 622 4to sýnir að handritið var ekki ritað í einu lagi í öndverðu eða hugsað upphaflega sem ein bók. Handritinu má skipta í þrjá hluta. Í fyrsta hlutanum eru ritaðir lagboðar með latneskum sálum frá kaþólskum tíma, auk lúterskra sálma sem borist hafa hratt til Íslands, eins og Marius Kristensen gerði grein fyrir þegar hann gaf út þennan hluta bókarinnar árið 1937 (Kristensen 1937:xviii–xx).

Kver; bl.

I^{1–8}; bl. 1–8:

II¹; bl. 9:

III¹; bl. 10:

IV¹; bl. 11:

Efni

Sálmar og nótnaskrift.

Sálmar og nótnaskrift.

Sálmar og nótnaskrift.

Sálmar og nótnaskrift.

Eins og Marius Kristensen hefur fjallað rækilega um er hér um kaþólskt efni að ræða að langstærstum hluta, en einnig efni úr dönsku og sænsku. Ein merkasta vísbending um hvenær Gísli skrifaði þennan part er að danskur sálmur sem prentaður var í Kaupmannahöfn ekki seinna en 1547 er skrifaður í handrit Gísla tveimur árum síðar ef marka má ártalið á titilsíðunni. Siðbótarmennirnir fylgdust greinilega grannt með bókmenntastraumum í Danmörku. Þessi hluti handritsins virðist því ritaður þegar Gísli er í Selárdal. Hönd Gísla þrýtur á næstsíðustu blaðsíðu kversins en þá tekur við sautjándu aldar skrift.

Annar hluti handritsins geymir kaþólsk helgikvæði og er sá hluti ritaður í einni samfellu. Ekkert vantar á fyrsta kvæðið í fyrsta kverinu:

⁹ Arngrímur Jónsson:1992: ‘Tíðagerð er ekki í þeim handbókum siðbótarmanna á Norðurlöndum, sem þekktar eru frá þessum tíma, svo að tíðasöngsefnið í handriti Gísla Jónssonar NKS 138 er einstætt í handbók á Norðurlöndum eftir siðbót’.

Kver; bl.V¹⁻⁸; bl. 12–19VI¹⁻⁸; bl. 20–27VII¹⁻⁸; bl. 28–35VIII¹⁻⁸; (v. 4–5): bl. 36–41IX¹⁻⁸ (v. 6); bl. 42–48X¹; bl. 49XI¹; bl. 50XII¹; bl. 51XIII¹⁻²; bl. 52–3**Efni***Lilja* 1–87. Titill með annarri hendi.*Lilja* 87 til enda (21^{r10}). *Milska* (21^{r11} með hendi skrifara, sem nefnir kvæðið *Milsku* og höfundinn Sigurð blinda).*Milska* til enda (29^{r5}). *Rósa* (29^{r6})*Rósa* til enda (39^{r2} eyða milli bl. 38–39). *Græðarinn lífs og landa* 39^{r3}.*Græðarinn til enda* (45^{r22}). *Adamsóður* 45^{r23}–46^v (v.lok). Eyða milli 46 and 47. *Ellikvæði* 47^r upphaf skert) 48^r. *Píslargrátur* 48^v.*Píslargrátur*.*Píslargrátur*.*Píslargrátur*.*Píslargrátur* til enda (53^{v11}).

Þessi partur handritsins hefst með þremur glæsilegum hrynhendum: *Lilju*, sem er fyrst í þessu handriti kennd Eysteini ábóta, *Milsku* sem er raunar nefnd *Rósa* og sögð eftir Sigurð blind, en á við *Rósu* sem kemur þar á eftir. Gísli ritar jhs efst á hverri síðu svo langt sem *Lilja* nær sem sýnir sérstöðu kvæðisins á þessum tíma. Upphafsstafir þessara miklu helgikvæða um sköpun heimsins eru stílhreinir og sýna að borið hefur verið í handritið (sjá Mynd 1). Kunnáttumaður hefur komið að verkinu og má hugsa sér að handritið hafi verið lýst í Skálholti, annaðhvort áður en Gísli fór þaðan árið 1546 til að taka við embætti í Selárdal, eða eftir að hann varð biskup í Skálholti. Á hitt ber þó að líta að upphafsstafirnir eru ólíkir öðrum slíkum í handritum Gísla og því er allt eins líklegt að vestfirskur listamaður hafi lýst stafina. Bókagerð vestra var öflug einmitt á þeim tíma sem Gísli var í Selárdal. Skoða má til samanburðar annað handrit með hendi Gísla AM 617 4to (Mynd 2), þar sem upphafsstafir eru grænir og rauðir, en stíllinn ólíkur, líkari þeim sem er að finna í þriðja hluta AM 622 4to.

Þrjú kvæði undir nýrri háttum fylgja drápunum þremur: *Græðarinn lýðs og landa*, *Adamsóður* og *Ellikvæði* Jóns Hallssonar. Þau tvö síðastnefndu voru seinna prentuð í Vísnaðabókinni 1612. Jón Helgason gaf út *Græðarann* í Íslenzkum miðaldakvæðum og af lesbrigðaskrá hans sést að ekki er mikill munur á gerðunum (Íslenzk miðaldakvæði II:180–181). *Ellikvæði* Jóns Hallssonar er aðeins varðveitt í handriti Gísla (upphaf skert, hefst í 3 erindi), og Vísnaðabók-

inni. Nokkur munur er á megintexta kvæðisins á þessum bókum og ljóst að AM 622 4to liggur ekki til grundvallar hinni prentuðu gerð. Guðbrandur hefur því notað aðra uppskrift *Ellikvæðis* í sinni útgáfu. Veigamesti munurinn liggur í að 10. og 11. erindi skipta sætum og í Vísnaðókinni er bætt við einu erindi þar sem lausnarinn Jesús er ákallaður. Guðbrandur ritstýrði kaþólskum kvæðum í útgáfu sinni, eins og sést t.a.m. af *Lilju*, en óvenjulegt er að bætt sé við erindum sem sýna ljóslega að reynt er að fella hinn kaþólska kveðskap að nýjum sið.¹⁰

Öðrum hluta handritsins lýkur með hrynhendunni *Píslargráti*, sem er í sumum heimildum kennd Jóni biskupi Arasyni, og svo er í þessu handriti en með sautjándu aldar hendi.¹¹ Skrifarinn hefur lokið kvæðinu á miðri *verso* síðu, og skilið eftir eitt eða tvö auð blöð sem fyllt voru síðar. Mögulegt er að blöðin hafi átt að nota sem kápu fyrir fyrsta og annan hluta bókarinnar, og að þeir hlutar hafi í öndverðu myndað eina heild, þannig að titilsíðan umrædda eigi einnig við þennan hluta bókarinnar.

Kvæðin í öðrum hluta handritsins eru ekki um dýrlinga eða Maríu mey, jafnvel þó hún sé oft ákölluð, heldur er píslarsagan, syndafallið og efsti dómur í brennidepli. Kaþólsk helgikvæði um eilífðarmál kristinna manna lifðu góðu lífi í hinni evangelísku trúarskipun og voru tekin gild af kennimönnum lúterskunnar. Guðbrandur Þorláksson biskup fylgdi fordæmi Gísla og prentaði einmitt þesskonar kvæði í Vísnaðókinni 1612, s.s. *Lilju* Eysteins.

Þriðji hluti handritsins lýkur upp leyndardómi Gíslabókar og er nú fimm heil kver.

Kver; bl.

XIVa¹⁻⁸; bl. 54–61:

XVb¹⁻⁶; bl. 62–67:

XVIc¹⁻⁶; bl. 68–73:

XVIIId¹⁻⁸; bl. 74–81:

XVIII¹⁻⁸; bl. 82–89:

XIX¹; bl 89:

Efni

Gimsteinn.

Gimsteinn til enda (66^{v5}). *Mariúvísur* 66^{v6}.

Mariúvísur til enda (68^{r6}). *Michaelsflokkur* (68^{r7}–73^{r21}) *Nikulásdrápa* 73^{r22}.

Nikulásdrápa til enda (81^{v5}). Náð 81^{v6}.

Náð til enda (89^v).

Mariúblóm.

¹⁰ Um útgáfu kveðskapar í Vísnaðókinni, sjá Kristján Eiríksson, Jón Torfason og Einar Sigurbjörnsson 2000.

¹¹ Sjá athugasemdir Jóns Helgasonar í útgáfu sinni á kvæðinu: Íslenzk miðaldakvæði I,2:189–190.

Fyrsta, fjórða og fimmta kver geyma 8 blöð, og annað og þriðja 6 blöð. Ekkert blað vantar, en síðasta blað handritsins (bl. 90) er stakt. Árni Magnússon fargaði þeim blöðum sem voru hér aftan við þegar handritið komst í eigu hans, þar sem skinnblöðin voru orðin fúin. Þar á meðal voru *Bodordávísur* og tvær heimsádeilur, önnur eftir Skáld-Svein, og hefur nafn hans aðeins varðveist í AM 622 4to, og hin sem hefst með orðunum *Maurg er mannzens pina*. Eitt einkenni skrifarans Gísla Jónssonar er að greina frá höfundum kvæðanna sem stingur í stúf við venjur annarra samtímaskrifara. Minna má á að drótt-kvæðaskáldin eru mörg vel þekkt, en flest helgikvæði síðmiðalda eru varðveitt án þess að skáldið sé nafngreint og jafnvel þau sem eru nafngreind eru óþekkt að öðru leyti. Meðal undantekninga er Jón Arason en hans kvæði eru einmitt varðveitt í handritum frá siðskiptaöld og í handritum lúterskra manna. Í handriti Gísla kemur fram ríkur áhugi á að nafngreina skáld, og má hugsa sér tvennar ástæður: hann tekur ekki ábyrgð á kvæðunum með því að nefna tiltekið skáld eða að áhersla á greiningu kveðskapar eftir einstök skáld sé aftur að ná fótfestu. Það er engin tilviljun að einmitt um siðaskipti byrja listamenn að merkja verk sín en í kaþólskum sið varðveittust listaverk jafnan nafnlaus (Þóra Kristjánsdóttir 2005:11).

Þriðji hluti handritsins hefur að geyma kvæði eftir hið mikla skáld sextánda aldar, Hall prest Ögmundsson, sem var líklega frændi Kristínar Eyjólfsdóttur, konu Gísla biskups (Jón Þorkelsson 1888:315–21). Fyrsta kvæðið er *Gimsteinn*, sem er, eins og *Lilja*, áhrifamikil stefjadrápa um sköpun heimsins og syndafallið. Neðst á hverri síðu svo langt sem *Gimsteinn* nær eru latneskar tilvitnanir í ritninguna.¹² *Gimsteinn* gegnir hér sömu stöðu og *Lilja* í fyrri hlutanum. Síðan taka við *Maríuvísur* og *Mikaelsflokkur* undir nýjum háttum, og loks fylgja tvær drápur undir hrynhendum hætti: *Nikulásardrápa* og *Náð*. Á síðasta blaðinu er upphaf *Maríublóms* sem sagt er eftir Hall prest, en lok kvæðisins vantar.

Þessi hluti handritsins er mjög áhugaverður frá handritafræðilegu sjónarmiði. Kvæðin mynda eina heild. Kverin eru fimm, ekkert blað vantar. Bókin er bersýnilega sett saman af atvinnuskrifara. Fyrstu fjögur kverin eru merkt með bókstöfunum a, b, c, d, og síðan fylgja númer blaðanna, a1, a2, a3 o.s.frv. Fimmta kverið er ekki merkt sérstaklega né staka blaðið.

Þessi hluti handritsins hefur verið ein samfelld heild í upphafi; ein sérstök bók sem var ekki hugsuð sem framhald fyrri hluta bókarinnar. Þetta er kvæða-

¹² Sjá útgáfu Jóns Helgasonar á kvæðinu í Íslensk miðaldakvæði I,2:285–287.

bók Halls Ögmundssonar sem hefur verið sett saman í ákveðnum tilgangi. Það fyrsta sem kemur upp í hugann er að um sé að ræða íslenskt dæmi um mikilvægan þátt í bókagerð miðalda, þ.e. framleiðslu smærri bæklinga eða handhægra smárita, sem nú eru oft varðveitt í stærri handritum og í samhengi við annað efni. Rannsóknir á bæklingaútgáfu, t.d. á Englandi á 14. og 15. öld, hafa leitt í ljós mikinn sveigjanleika í bókagerð á síðmiðöldum. Algengt var að stuttir og skýrt afmarkaðir textar, eins og t.d. kvæði, væru bundnir saman í bæklingum en seinna steipt saman í stærri bók. Tölumerking kveranna, sem oft var með sama kerfi og er í handriti Gísla, stangast þá á við tölumerkingu annarra blaða í handritinu og slíkt ósamræmi er ótvíræðasta vísbendingin um sundurleitan bakgrunn þess. Fjölmörg önnur sérkenni eru einnig mikilvæg ábending um bæklingagerð, t.a.m. hvort skrifari hafi skilið öftustu síðu, eða *verso*-síðu síðasta blaðs síðasta kvers, eftir auða svo hún gæti þjónað sem útsíða eða kápa bæklingsins og hvort hún sé illa farin vegna þess að bæklingurinn hafi farið um hendur margra (Hanna III 1996:31–32). Athugun á ytri einkennum handritanna afhjúpar því verklag bókagerðarmannanna og getur að auki velt upp áhugaverðri mynd af bókmenntasmekk manna og bóklestri fyrri tíma.

Íslenskur bókamarkaður hefur alltaf verið lítill og því er ólíklegt að hagkvæmt hefði verið að framleiða þvílíkar smábækur til dreifingar innanlands, en þó er ekki fráleitt að einhverjir bæklingar kynnu að hafa gengið manna á millum á síðmiðöldum. Það er hins vegar fátítt í íslenskum handritum að skrifari merki kver sérstaklega með bókstöfum og blöðin með rómverskum tölum, eins og þekkt er í nágrannalöndum. Að því leyti er torveldara að benda á handrit sem kynnu að innihalda kver sem upphaflega voru bæklingar. Til að álykta um tímabilið allt frá því um 1400 þarf skipulega athugun. Þessar merkingar virðast fátíðar í íslenskum handritum, en nefna má að einfaldari kveramerkingar er að finna í AM 53 fol; þar sem síðasta síða hvers kvers er merkt með rómverskri tölu, líklega til að tryggja að kverin væru bundin í rétttri röð (Ólafur Halldórsson 2000:xlíii). Númerun kveranna í AM 622 4to er hins vegar með öðrum hætti og í ætt við þær merkingar sem þekktar eru úr bæklingagerð.

Kveramerkingarnar koma aðeins fyrir í þriðja hluta kvæðabókarinnar og sýna eindregið að hann hafi ekki verið skrifaður í samhengi við þau kvæði sem framar eru í handritinu, heldur verið steipt saman við annað efni bókarinnar á síðara stigi. En kveramerkingar eru ekki aðeins vísbending um bæklingagerð heldur eru slíkar merkingar einnig að finna í prentbókum frá sext-

ánda öld. Samskonar merkingar eru t.a.m. í þeim bókum sem Gísli býr sjálfur til prentunar í Kaupmannahöfn 1558. Það er því hugsanlegt að hann sé að fylgja nýjum venjum í bókagerð þegar hann ritar þriðja hluta handritsins.¹³ Handritið er steypt í mót prentaðra bóka sem bendir til að prentbækur séu dýr-mæti þess tíma. Það er erfitt að tímasetja þriðja hluta handritsins eftir þessum vísbendingum því að Gísli hefur vissulega þekkt prentaðar bækur áður en hann fer að fást sjálfur við prentútgáfu. Við fyrstu sýn hefði verið líklegast að kvæðabók Halls væri elsti hluti bókarinnar ritaður áður en Gísli siglir utan til náms eða í aðra ferð sína til að taka biskupsvígslu. En einnig má leiða að því getum að hann hafi ritað kvæðin í Selárdal og að einmitt þessi hluti bókarinnar sé ritaður fyrir konu hans og sprottinn upp úr vestfirsku menningarumhverfi og skáldskaparhefð.

En hin spurningin sem vaknar er ekki síður áhugaverð. Hver var tilgangur Gísla með bókinni? Hann var lúterskur prestur og síðar biskup, en safnaði saman á eina bók kvæðum sem eru strangkafólsk og af allt öðrum toga en þau sem eru fyrr í bókinni. Hvað gekk honum til? Skýringarinnar er hugsanlega að leita hjá Kristínu Eyjólfsdóttur og dætrum hennar; að Gísli hafi skrifað kvæðabók Halls prests Ögmundssonar handa Kristínu einhvern tímann eftir 1537. Hallur var frændi Kristínar og Ögmundar, höfuðskáld Hagaættarinnar. Kannski skrifaði Gísli kvæðabók Halls í senn til þess að ganga í augun á konu sinni og fjölskyldu hennar vestra. Bókin fylgdi síðan kvenlegg fjölskyldunnar.

5

AM 622 4to er nú ekki í sama búningi og þegar Árni Magnússon eignaðist það. Þetta merkilega handrit varðveittir skertan texta *Ellikvæðis* Jóns Hallssonar, en í öndverðu voru þar einnig tvær heimsádeilur frá kafólskri tíð:

1. Kvæði Skáld-Sveins, upphaf: *Hvad mun verollín uílía* (og er höfundarnafn hans aðeins varðveitt í AM 622 4to).
2. Heimsádeila sem hefst með orðunum *Maurg er mannzens pina*.

¹³ Stefán Karlsson aðgreinir kveramerkingar sem eru af því tagi sem finna má í AM 53 fol og merkingar eins og í AM 622 4to. Hann nefnir þó ekki AM 622 4to í þessu sambandi, en getur hugsanlegra áhrifa frá prentuðum bókum á sautjándu aldar skrifara í þessu efni (Stefán Karlsson 1964:527).

Blöðin sem kvæðin voru skrifuð á voru fúin og rotin í hrygginn þegar handritið kom í eigu Árna og því afréð hann að skrifa kvæðin upp eftir öðru handriti, kvæðabókinni AM 713 4to, og varðveita síðan þau lesbrigði sem hann gæti lesið. Að því loknu fargaði hann blöðunum. Árni gerir grein fyrir verklagi sínu í formálsorðum að uppskrift sinni í AM 712 c 4to sem geymir *Maurg er mannzens pina*. Auk þess voru þá í niðurlagi bókar lok *Mariúblóms* Halls Ögmundarsonar og *Boðorðavísur*, sem sagt er að Gísli Jónsson hafi ort og eru þær ritaðar að sögn Árna með sömu hendi og handritið allt. Nú er vitaskuld ekki hægt að gera rannsókn á þessum hluta handritsins eða gera grein fyrir hvort öll kvæðin hafi verið skrifuð í beinu framhaldi af kvæðum Halls. En ljóst er þó að *Mariúblóm* hefur bæði staðið á síðasta varðveitta blaði handritsins og á fúnu blöðunum. Sitthvað má ráða af gerðum kvæðanna um hvenær Gísli skrifaði þennan hluta handritsins.

Heimsósómi Skáld-Sveins er, eins og áður segir, varðveittur í AM 713 4to, AM 622 4to eins og textinn hefur varðveist í lesbrigðaskrá Árna Magnússonar í AM 712a 4to, og í *Vísnaðabókinni* sem prentuð var á Hólum 1612 (endurpr. á Hólum 1748). Einnig eru upphöf erinda kvæðisins varðveitt í Sth perg 8vo nr 4. Einn meginmunur uppskriftanna er að röð 5. og 6. erindis er önnur í AM 713 4to og í hinum heimildunum þremur. Texti kvæðisins í AM 622 4to er hvorki samhljóða AM 713 4to, né er handrit Gísla grundvöllur útgáfu kvæðisins í *Vísnaðabókinni*, svo að ekki er hægt að draga beina línu á milli þessara þriggja aðalheimilda kvæðisins.

Heimsádeilan *Maurg er mannzens pina* er nú varðveitt í þremur skinnhandritum auk *Vísnaðabókar* og lesbrigðaskrár Árna Magnússonar eftir AM 622 4to í AM 712c 4to. Áhugaverður munur er á uppskriftunum. Kvæðið skiptist efnislega í tvo hluta: 1.–16 erindið geymir sjálfa heimsádeiluna, en síðustu átta erindin, frá 17. erindi til loka kvæðisins fjallar um dygðugt líferni Maríu sem lýkur á bæn til hennar. Handritið AM 714 4to, sem er yngra en hin skinnhandritin og skrifað um 1600, skýtur inn aukaerindi eftir 21. erindi kvæðisins, eins og kvæðið er varðveitt í AM 713 4to. Uppskrift Gísla hefur hins vegar endað með 21. erindi. AM 714 4to og AM 622 4to eru því sammála um að skil séu á þessum stað í kvæðinu. Í *Vísnaðabókinni* eru hins vegar aðeins prentuð fyrstu 16 erindin enda átti efnið um Maríu ekki heima í opinberri *vísnaðabók* lútersks biskups í upphafi sautjándu aldar. Í þeirri gerð skipta 13. og 14. erindi sætum, en af efni erindanna tveggja má ráða að vel er hægt að hugsa sér að fjórtándi erindið eigi heima á undan því þrettándi.

Heimsádeilan *Maurg er mannzens pina* er að því leyti ólík *Heimsósóma*

Skáld-Sveins að kvæðinu lýkur á umfjöllun um Maríu guðsmóður og loks bæn í síðustu erindunum (22.–24. erindi). Gísla hefur ekki fundist viðeigandi að taka bænina með í uppskrift sinni, og má í því sambandi rifja upp bréf Jóns biskups Arasonar til Gísla prófests í Selárdal að María væri svívirt af siðbótarmönnum. Því fer þó fjarri að Maríukvæði hafi horfið með öllu eftir siðaskipti, en erfitt hefur verið fyrir biskupana sjálfa að ákalla guðsmóðurina opinberlega strax eftir siðbreytingu, ekki síst í hinni prentuðu bók Guðbrands á Hólum. Á hitt ber að líta að lútersk skáld ortu til Maríu, þó að allri tilbeiðslu væri sleppt. Athyglisverð er ritstýring Arngríms Jónssonar lærða á *Lilju* í Vísnaðókinni, þar sem bæn til Maríu er breytt í bæn til Krists í erindi 88 (Einar Sigurbjörnsson 2003:116). Í Vísnaðókinni eru einnig prentuð tvö Maríukvæði eftir lúterska presta, *Maríuvísur* eftir Einar Sigurðsson í Eyðölum og *Maríu ævi* eftir Ólaf Guðmundsson í Sauðanesi. Lútersku skáldin völdu sér guðsmóðurina að yrkisefni þar sem hún var ‘sönnust fyrirmynd kristinna manna í trú og líferni’ (Einar Sigurbjörnsson 2003:128). En hún er ekki dýrtingur og hana bar ekki að ákalla.

Ritstýring Gísla á kvæðinu *Maurg er mannzens pina* sýnir að hann hafi hneigst til lúterskrar siðbótar þegar hann skrifaði þennan hluta handritsins og því er hugsanlegt að þau kvæði sem síðast voru bundin í AM 622 4to séu frá öðrum tíma en kvæðabók Halls, og þá líklega síðar til komin. Hér kann því að vera kominn fjórði hluti bókarinnar – sem nú er glataður nema í varðveislu Árna Magnússonar. Þannig má greina nokkur athyglisverð stig í ritstýringu hins kaþólska efnis frá Gísli biskupi til útgáfu Guðbrands Þorlákssonar á kvæðinu í Vísnaðókinni 1612. Gísli heldur þeim erindum þar sem vikið er að Jesú og Maríu, en sleppir hins vegar bæninni til Maríu einnar í síðustu þremur erindunum. Guðbrandur gengur hins vegar hreint til verks og sleppir öllu efni um Maríu, eða síðustu átta erindunum, þriðjungi kvæðisins. Gísli breytir einnig að nokkru lokavísuorðunum í síðasta erindi kvæðisins (21. erindi) og skilur við lesandann á öðrum stað en hjá Maríu. Þá breytingu má einnig greina í aukaerindinu í AM 714 4to.¹⁴ Erindið hljóðar svo í AM 713 4to:

Pier mvnv aller unna
eílfé herra kuon
þeir sem þítt nafn kvnna

¹⁴ Texti viðbótarerindisins er svohljóðandi í AM 714 4to. Ekki er unnt að lesa allan textann með vissu: Huer mun uær þa uerda / uoldug maria fru / aller a þik .erda / ef [...] þu / þin eink [...] / [...] huernn þann jdrast uill / ok onguan mann forlættur.

þu ert uor hialpar unn
lifandi brunur sæll ok sætur
elskar hvern er ídrazt uíll
ok ónguan mann forlætur.

En samkvæmt uppskrift Árna Magnússonar í AM 712 a 4to hljómuðu 5. – 7. vísuorð svo í AM 622 4to:

lif. br. og liknar ædur
inneleg moder eingla kongs
er ollu godu rædur.

Vísan hefst í báðum gerðum á lýsingu á mildi Maríu, en í gerð Gísla er örlítill áherslumunur í lýsingunni á Maríu, hann sér hana sem móður ‘eingla kongs’, þ.e. Krists. Gísli sleppir síðan ákalli til Maríu í 22.–24. erindi, eða sjálfri tilbeiðslunni.

Fimm kvæði eru sameiginleg handriti Gísla og Vísnaþók Guðbrands Hóla-biskups: *Lilja*, heimsósómarnir tveir, *Ellikvæði* Jóns Hallssonar og *Adamsóður*. Eru einhver bein tengsl milli þessara bóka biskupanna? Guðbrandur Þorláksson var rektor í Skálholti 1564–1567, í biskupstíð Gísla Jónssonar. Hann kvæntist Helgu Árnadóttur, en systir hennar Hólmfríður var gift Árna Gíslasyni, syni Gísla biskups. Það mætti því hugsa sér að Guðbrandur hafi haft tækifæri til að kynnast handriti Gísla og þar með þeim kvæðum sem varðveitt eru í báðum biskupabókum. Hins vegar eru engin örugg textatengsl milli AM 622 4to og Vísnaþókarinnar þó að bækurnar séu stundum samstíga um les-hætti. Helga Gísladóttir eignaðist bókina árið 1549, ef treysta má fremsta blaði handritsins, og því hefur handritið væntanlega fylgt henni og síðan systur hennar, en aldrei verið geymt í bókhöllu biskupsins í Skálholti.

6

Handritið AM 622 4to varpar ljósi á listfengi skrifarans Gísla Jónssonar og margbreytilegan áhuga hans á bókmenntum sinnar tíðar. Hann var ötull skrifari en einnig áhugasamur um prentverkið, hinn nýja miðil samtímans. Jón Egilsson lýsti biskupsdómi Gísla Jónssonar svo í *Biskupaannálum*:

Frá því herra Gísli hann kom í Skálholti, þá jókst lærdómurinn, en lagðist af víðast sú pápiska vísa; fram dróg hann í öllu eptir megni guðs orð, bæði í útlagníngu og skrifí, alla sína daga, á hvers dögum að kennilýður fjölgaði mjög, og hann styrkti þá marga um bækur, postillur og pappír, og um hvað þeir vildu biðja, og hvar hann fann nokkurn þann sem iðinn var að lesa og skrifa og læra, á honum hafði hann þóknun. Ég má það meðkenna, hann varð mér bæði faðir og móðir í þeim greinum alla tíma, og svo mega flestir segja sem hér voru í Skálholti á hans dögum, hvers margir hafa enn not (106).

Gísli Jónsson hefur fallið í skuggann af öðrum frumherjum siðbreytingarinnar hér á landi sem voru gamlir félagar hans í Skálholti. Hann ruddi að ýmsu leyti brautina, jafnvel þó að verk hans næðu ekki að verða svo áhrifamikil sem verk Odds Gottskálkssonar eða Guðbrands Þorlákssonar. Gísli var afkastamikill maður, atorkusamur og starfsamur í biskupstíð sinni. Hönd hans er að langmestu leyti á NKS 138 4to sem líklega er samín á árunum 1585–87 að mati Arngríms Jónssonar. Hann hefur því komið að samningu handbókarinnar, þá kominn yfir sjötugt (1992:60–61). Handritið sýnir að kaþólskir helgisíðir og tíðasöngur lifðu lengi í hinum aldna siðbótarmanni, og stríðir handrit hans, en efni þess var aldrei prentað opinberlega, á móti þróun messunnar í hinni dönsku kirkju.

Kvæðahandritið AM 622 4to, sem Gísli skrifaði og færði dóttur sinni, gefur vísbendingar um skáldskaparáhuga hans og veitir um leið innsýn í þátt kvenna í bókagerðinni; þó þær hafi ekki skrifað bækurnar sjálfar voru bækur skrifaðar fyrir þær, jafnvel að þeirra ósk. Skinnhandrit hefur á þessum tíma verið ein sú dýrmætasta gjöf sem karlmaður gat gefið konu sinni eða fært dóttur. Gísli kastaði ekki til þess höndunum því það er fagurlega skreytt og að útliti líkt prentaðri bók, hinu mesta fágæti á hans tíð. Sálmabók Gísla Jónssonar ber ekki vitni um skáldgáfu eða tilfinningu útgefandans fyrir blæbrigðum í máli. En með þeirri bók er aðeins hálf sagan sögð. Hin prentaða bók endurspeglar hina opinberu hlið á biskupnum Gísla Jónssyni, hinn skyldurækna þjón kirkjunnar. Í AM 622 4to safnar Gísli saman af fádæma öryggi nokkrum glæsilegustu kvæðum íslenskra siðmiðalda og eingöngu kvæðum sem ort voru á kaþólskum tíma. Bókina gefur hann dóttur sinni, nöfnu ömmu hennar, Helgu Þorleifsdóttur frá Reykhólum, og er hugsanlegt að skinnbókin öll hafi orðið til vestur í Selárdal. Hún var hins vegar ætluð til heimabruks – og til að nota við söng.

HEIMILDIR

Handrit

AM 622 4to
AM 712 a 4to
AM 712 c 4to
AM 713 4to
AM 714 4to
NKS 138 4to

Útgáfur og rannsóknir

- Arngrímur Jónsson. 1992. *Fyrstu handbækur presta á Íslandi eftir siðbót*. Reykjavík.
- Cook, Robert. 1979. The Source of AM 696 XI 4to. *Opuscula* 6:242–254. (BA XXXIII). Munksgaard, København.
- Biskupa-annálar Jóns Egilssonar. 1856. *Safn til sögu Íslands* I:29–136. Útg. Jón Sigurðsson. Hið íslenzka bókmenntafélag, Reykjavík.
- DI= *Íslenzkt fornbréfasafn* I–XVI. 1857–1970. Hið íslenska bókmenntafélag, Kaupmannahöfn, Reykjavík.
- Einar Bjarnason. 1969. *Íslenzkir ættstuðlar* I. Sögufélag, Reykjavík.
- Einar Sigurbjörnsson. 2003. Maríukveðskapur á mótum kaþólsku og lútersku. *Til Heiðurs og hugbótar. Greinar um trúarkveðskap fyrri alda* (Snorrastofa. Rit 1): 113–29. Ritstj. Svanhildur Óskarsdóttir og Anna Guðmundsdóttir. Snorrastofa. Rannsóknarstofnun í miðaldafræðum, Reykholti.
- Guðrún Nordal. 2003. Handrit, prentaðar bækur og pápísk kvæði á siðskiptaöld. *Til Heiðurs og hugbótar. Greinar um trúarkveðskap fyrri alda* (Snorrastofa. Rit 1): 131–43. Ritstj. Svanhildur Óskarsdóttir og Anna Guðmundsdóttir. Rannsóknarstofnun í miðaldafræðum, Reykholti.
- Hanna III, Ralph. 1996. *Pursuing History. Middle English Manuscripts and Their Texts*. Stanford University Press, Stanford.
- Helgi Þorláksson. 2003. *Saga Íslands* VI. Ritstjóri Sigurður Líndal. Hið íslenska bókmenntafélag, Reykjavík.
- Ein Ny Wiisna Bok*. 1612. Hóllum.
- Íslenzk miðaldakvæði* I.2–II. 1936–1938. Útg. Jón Helgason. København.
- Jón Þorkelsson. 1888. *Om digtningen på Island i det 15. og 16. århundrede*. København.
- Kalinke, Marianne. 1996. *The Book of Reykhólar. The Last of the Great Medieval Legendaries*. University of Toronto Press, Toronto.
- En Klosterbog fra middelalderens slutning*. 1928. Útg. Marius Kristensen (STUAGNL LIV). København.
- Kristján Eiríksson, Jón Torfason og Einar Sigurbjörnsson (útg.). 2000. Inngangur. *Vísnaðók Guðbrands*. Bókmenntafræðistofnun Háskóla Íslands, Reykjavík.
- Kristján Valur Ingólfsson. 2003. Sálmaðver Herra Gísla 1558 – Kveðskapur eða kirkjuþólitik? *Til Heiðurs og hugbótar. Greinar um trúarkveðskap fyrri alda* (Snorrastofa. Rit 1):145–160. Ritstj. Svanhildur Óskarsdóttir og Anna Guðmundsdóttir. Snorrastofa. Rannsóknarstofnun í miðaldafræðum, Reykholti.
- Margrét Eggertsdóttir. 1996. „Í blíðum faðmi brúðgumans“. Hlutur kvenna í trúarlegum kveðskap á sautjándu og átjándu öld. *Konur og kristmenn. Þættir úr kristnisögu Íslands*:165–89. Ritstjóri Inga Huld Hákonardóttir. Háskólaútgáfan, Reykjavík.

- Marotti, Arthur F. 1995. *Manuscript, Print and the English Renaissance Lyric*. Cornell University Press, Ithaca.
- Ólafur Halldórsson (útg.). 2000. Indledning. *Óláfs saga Tryggvasonar en mesta* III (EAA 3). Reitzel, København.
- Páll Eggert Ólason. 1926. *Menn og menntir* IV. Reykjavík.
- Stefán Karlsson 1964. Kustode. Island. *KLNM* IX:527.
- Stefán Karlsson. 1970. Ritun Reykjarfjarðarbókar. Excursus: Bókagerð bænda. *Opuscula* 4:120–40. (BA XXX). Munksgaard, København.
- Vilborg Auður Ísleifsdóttir. 1997. *Siðbreytingin á Íslandi 1537–1565. Byltingin að ofan*. Hið íslenska bókmenntafélag, Reykjavík.
- Westergård-Nielsen, Christian. 1957. *To bibelske visdomsbøger og deres islandske overlevering. En filologisk studie over Ecclesiasticus og Proverbia Salomonis i det 16. århundrede* (BA XVI). Munksgaard, København.
- Póra Kristjánsdóttir. 2005. *Mynd á þili. Íslenskir myndlistarmenn á 16., 17. og 18. öld*. JPV útgáfa, Reykjavík.

SUMMARY

This article is a detailed presentation of the manuscript AM 622 4to, the so-called Hólmsbók; the author delineates its contents and discusses the other literary activity of its scribe, Gísli Jónsson, later bishop in Skálholt. The precise division of the manuscript into quires is described, and the author suggests that its final section had originally been a complete and perhaps independent whole. The manuscript might thus be taken as the first representative of a new method in book production, which first becomes apparent in the diverse production of booklets in the late Middle Ages. The final part of the article discusses sacred poetry and poems on the decadence of the world, with examples showing the ways in which Reformation poets transformed earlier Catholic religious texts.

Guðrún Nordal
 Íslenskuskor
 Hugvísindadeild Háskóla Íslands
 gnordal@hi.is